



Fyrir er tekið mál nr. 3/2012

Björn G. Sigurðsson  
gegn  
Einari Jóel Ingólfssyni

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR

### I

Aganefnd KLÍ barst upphaflega kæra Björns G. Sigurðssonar með tölvupósti dags. 8. febrúar 2012 þar sem Einar Jóel Ingólfsson var kærður fyrir óíþróttamannslega framkomu. Aganefnd staðfesti móttöku kærunnar með tölvupósti, dags. 9. febrúar 2012, en óskaði eftir því áður en málið færi í hefðbundið umsagnarferli að upplýst yrði hvenær hin ætlaða háttsemi átti sér stað.

Samdægurs bárust viðbótarskýringar kæranda, Björns G. Sigurðssonar, þess efnis að hún hefði átt sér stað undanfarna daga og ætti sér ennþá stað.

Með tölvupósti dags. 10. febrúar 2012 óskaði aganefnd frekari upplýsingar frá kæranda, annars vegar í hverju háttsemin fólst og nákvæmari tímasetningar á ætlaðri háttsemi, t.d. hvenær hin ætlaða háttsemi átti sér fyrst upphaflega stað og með hvaða hætti hún endurtæki sig í sífellu.

Með tölvupósti dags. 10. febrúar 2012 fór kærandi fram á það að kæran yrði fyrst send í umsagnarferli áður en frekari skýringar yrðu gefnar og vísaði til málsmeðferðar úr öðru máli, máli sínu til stuðnings.

Með tölvupósti dags. 10. febrúar 2012 fór aganefnd m.a. yfir málsmeðferð nefndarinnar og ítrekaði að öðru leyti fyrri póst.

Með tölvupósti dags. 15. febrúar 2012 fór kærandi, Björn G. Sigurðsson, m.a. yfir það að hann taldi það óíþróttamannslega háttsemi kærða að skrá ekki skor úr viðureign KFR-Lærlinga og KFA-ÍA-W.

Með tölvupósti dags. 16. febrúar sl., veitti aganefnd kærða, Einari Jóel Ingólfssyni, tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi kæruna. Samdægurs bárust þær skýringar



kærða að hann væri að bíða niðurstöðu úr öðru máli aganefndar er lyti að umræddum leik. En í því máli kom fram að þegar skrá átti skorið var einn leikmaður KFR-Lærlinga ekki með skráða leikheimild í Umsjónarkerfi KLÍ og þar af leiðandi ekki hægt að skrá inn skorið strax að leik loknum.

Samdægurs útskýrði aganefnd fyrir kærða að í öðru máli hefði sá háttur verið hafður á að skrá skorið úr viðureigninni, enda væri það aganefndar að ákvarða hvort tiltekin úrslit stæðu eða ekki.

Sú dagsetning sem athugasemdir kærða bárust eru þau tímamörk sem nefndin miðar við, sbr. 2. gr. reglugerðar um aganefnd, er ræður tímamörkum nefndarinnar til þess að úrskurða í málinu sbr. 13. og 14. gr. reglugerðarinnar, þar sem í tölvupósti þessum bárust þær upplýsingar sem nefndin taldi að þyrfti til þess að lýsa gagnaöflun lokinni og taka málið til úrskurðar.

Aganefndin hittist á fundi þann 16. febrúar 2012 til þess að fara yfir framkomin gögn. Á fundinum var gagnaöflun lýst lokinni og málið tekið til úrskurðar.

Eftir að hafa farið yfir framkomin gögn og upplýsingar telur aganefnd ekkert í málinu benda til þess að Einar Jóel Ingólfsson hafi komið fram með óíþróttamannslegri háttsemi. Aganefnd telur þó að honum hafi eða öðrum sem skrá skor úr viðureignum í mótum KLÍ að gera það, enda er það aganefndar að úrskurða um það hvort leikir standi eða ekki. Fram að þeim tíma er aganefnd kann að úrskurða um úrslit leikja ber að líta á úrslit þeirra sem endanlega.

Að öllu sögðu telur aganefnd að ekkert hafi fram komið í málinu sem bendir til þess að Einar Jóel Ingólfsson hafi komið fram með óíþróttamannslegri háttsemi umrætt sinn. Verður honum því ekki gerð refsing þar að lútandi.

### Úrskurðarorð

Kröfu kæranda, Björns G. Sigurðssonar, um að kærða, Einari Jóel Ingólfssyni, verði gerð refsing á grundvelli þess að hann hafi komið fram með óíþróttamannslegri framkomu er hafnað.

Ólafur Páll Vignisson

Guðmundur Sigurðsson

Sigríður Klemensdóttir

Bragi Már Bragason

Ómar Kristjánsson